

Nd.

385. Nefndarálit

[141. mál]

um frv. til laga um Iðnlánasjóð.

Frá 1. minni hl. iðnaðarnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Ég vil leggja ríka áherzlu á nauðsyn þess, að iðnaðinum verði séð fyrir nægjanlegum og hagkvæmum stofnlánunum, og tel frv. spor í þá átt. En það eru einkum tvö atriði í frv., sem ég álit nauðsynlegt að breyta. Ég tel, að stjórn sjóðsins eigi ekki að vera skipuð af ráðherra eftir tilnefningu samtaka iðnrekenda, eins og frv. gerir ráð fyrir, heldur eigi stjórnin að vera kosin af sameinuðu Alþingi. Má í þessu sambandi benda á, að ekki tilnefna útvegsmenn stjórnir fiskimálasjóðs eða fiskveiðisjóðs, enda þótt þeir leggi sjálfir þessum sjóðum mikið fé. Hið sama er að segja um stofnlánasjóði landbúnaðarins, ekki tilnefna bændur stjórn þeirra, þótt þeir greiði gjald til þeirra.

Þá tel ég, að iðnaðurinn eigi sjálfur að greiða 0.4% gjaldið samkv. 5. gr. frv., en það megi ekki leggjast sem nýr skattur á þá, sem kaupa vöruna. Ég legg því til, að fellt verði niður það ákvæði í 5. gr. frv., er segir, að gjaldið skuli vera frádráttarbert sem rekstrarkostnaður við álagningu tekjuskatts og tekjuútsvars, en í staðinn komi ákvæði, er mæli svo fyrir, að óheimilt sé að hækka útsöluverð á iðnaðarvörum vegna gjaldsins.

Ég legg því til, að frv. verði samþykkt með svofelldum

BREYTINGUM:

1. Við 3. gr. 1. málgr. orðist svo:
Stjórn Iðnlánasjóðs skipa fimm menn. Skulu þeir kosnir hlutfallskosningu af sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Á sama hátt skulu kosnir jafnmargir varamenn. Iðnaðarmálaráðherra skipar sjóðnum formann úr hópi hinna kjörnu manna.
2. Við 5. gr. 3. málgr. 1. töluliðar orðist svo:
Óheimilt er að hækka útsöluverð á iðnaðarvörum vegna gjalds þessa.

Alþingi, 12. marz 1963.

Eðvarð Sigurðsson.